

Eftirlitsnefnd með  
fjármálum sveitarfélaga

**EFS**

Til sveitarstjórna

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 14. maí 2020

Tilv.: SRN20010024/4.11.1

Efni: Fjármál sveitarfélaga í kjölfar COVID-19

Eins og kunnugt er hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sett lög til bráðabirgða nr. 25/2020 er heimila sveitarstjórn að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. (jafnvægisregla og skuldaregla) við stjórn sveitarfélags árin 2020-2022. Með þeirri ákvörðun löggjafarvaldsins er undirstrikað að sé þess þörf, geta sveitarstjórnir ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar eða gerð viðauka við fjárhagsáætlun, að fylgja ekki þeim viðmiðum sem jafnvægisreglan og regla um skuldahlutfall fela í sér á fyrrnefndu tímabili.

Á þessari stundu er ekki ljóst hversu mikill samdráttur í íslensku efnahagslífi verður en fram eru komnar vísbendingar að hann geti reynst það mikill að reyna muni á fjármál sveitarfélaga. Vegna þessa vill eftirlitsnefndin koma á framfæri skilaboðum til sveitarstjórna að mikilvægt er við núverandi aðstæður að ástunda virkt eftirlit með fjármálunum og fylgjast náið með þróun rekstrarins frá mánuði til mánaðar. Gerð viðauka er við þessar aðstæður mjög gagnlegt stjórnþæki og gefur forráðamönnum í sveitarfélögum mikilvæga yfirsýn um þróun fjármálanna.

Þrátt fyrir að ákvæðum 64. gr. sveitarstjórnarlaga hafi tímabundið verið breytt vill nefndin minna sveitarstjórnir á ákvæði 77. gr. sveitarstjórnarlaga en þar kemur meðal annars fram að sveitarstjórn ber ábyrgð á fjárhag sveitarfélags og að sveitarstjórn skuli gera eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga viðvart telji hún að fjármál sveitarfélags eða einstakar fjárhagslegar ráðstafanir séu ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög eða fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni.

Vegna fjárfestinga minnir eftirlitsnefndin á ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Ákvæði þessi eru afar mikilvæg og rétt að standa vel að ákvörðunum á tímum sem þessum.

Megin tilgangur bréfs þessa er að hvetja sveitarstjórnir til að hafa samband við eftirlitsnefndina óski þær eftir frekari upplýsingum eða leiðbeiningum.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

  
Þórir Ólafsson  
formaður

  
Eiríkur Benónýsson